

Reglur um styrki vegna aksturs leikskólabarna í Húnabyggð

1. gr.

Gildissvið

Úthlutunarreglur þessar gilda um styrki vegna aksturs barna til vistunar í leikskóla í Húnabyggð. Börnin skulu eiga lögheimili í Húnabyggð. Styrkirnir taka mið af akstursvegalengd frá heimili að leikskóla. Miða skal greiðslur við vegalengd frá heimili til þeirrar skólastarfsstöðvar sem um stýstan veg er að fara.

2. gr.

Markmið

Markmiðið með styrkjunum er að stuðla að jöfnun aðstöðumunar leikskólabarna sem eiga lögheimili í Húnabyggð og þurfa um lengri veg að fara til vistunar í leikskóla. Styrkjunum er einnig ætlað að hvetja foreldra til að nýta sér fagþjónustu sveitarfélagsins.

3. gr.

Akstursvegalengd

Ekkí eru greiddir styrkir vegna barna sem búa innan við 10 km. fjarlægð (önnur leið) frá leikskóla.

4. gr.

Útfærsla

Greidd er föst styrkuppþæð fyrir hvert heimili/umsækjanda fyrir hvern nýttan leikskólalag, óháð fjölda leikskólabarna frá hverju heimili. Uppþæðin er margfeldi vegalengdar og kílómetragjalds, skv. eftirfarandi reiknireglu:

Vegalengd (þ.e. frá heimili að leikskóla mínus 10 km) X kílómetragjald.

Dæmi: (35 km – 10 km) X 63,5 kr. = 1587,5 kr. á dag.

Kílómetragjald skólaárið 2022-2023 er 63,5 kr.

Sækja skal um á þar til gerðu umsóknarformi á heimasíðu sveitarfélagsins. Til að eiga rétt á styrknum þarf að framvísa staðfestingu leikskólalagstjóra á akstri, sem sendist sem viðhengi með umsókn.

5. gr.

Tilhögun greiðslna

Skólaárið skiptist í tvær annir, þ.e. janúar - júní og júlí - desember. Styrkur samkvæmt 4. gr. er greiddur út tvisvar sinnum á ári. Annars vegar í júlí vegna tímabilsins janúar - júní og hins vegar í desember vegna tímabilsins júlí - desember að undangenginni auglýsingu frá Húnabyggð. Sækja þarf um styrkina innan tveggja mánaða frá birtingu auglýsingar annars falla þeir niður.

6. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi 1. september 2022. Reglur þessar skal endurskoða fyrir lok skólaárs 2022-2023.

Samþykkt á fundi Sveitarstjórnar Húnabyggðar þann 18. ágúst 2022